

Mál nr. 361/2015
M og
vátryggingafélagið V v/slysátryggingar launþega X.

Líkamstjón við vinnu 3. júlí 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 19. október 2015.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið við vinnu sína hjá X og hafi þar þurft að taka barn upp úr stól við þær aðstæður að það stóð matur í barninu. M lýsir því þannig í tjónstilkynningu að eitthvað hafi við það „rifnað“ í hægri öxl. Í læknisvottorðum er ýmist haft eftir henni að henni hafi fundist eitthvað „smella“ eða að eitthvað „gerðist“ í öxlinni. Síðan hefur hún haft einkenni frá öxlinni.

M telur að atvikið sem leiddi til líkamstjóns hennar sé utanaðkomandi í skilningi slyshugtaks vátryggingaréttar sem stuðst sé við í vátryggingarskilmálum V, sbr. gr. 1.4. M kveðst hafa fengið slynk á öxlina við að lyfta barni upp í flýti og sé það sambærilegt við aðstæður sem hafi verið taldar ná undir slyshugtakið t.d. í dönskum kærunefndarúrskurði þar sem það að lyfta hlut undir álagi eða pressu hafi verið talið til utanaðkomandi atviks.

V vísar til þess að hvergi í gögnum málsins komi fram að M hafi fengið slynk á öxlina, þ.e. hvorki í tjónstilkynningu né í læknisvottorði. Einnig vísar V til þess að niðurstöður danskrar kærunefndar séu ekki bindandi hér á landi og vísar til úrskurðar hérlandis í máli nr. 305/2015.

Álit.

Í gr. 1.4 í skilmálum slysátryggingarinnar kemur fram að með orðinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

Í lýsingum M af atvikinu er hægt að sjá að hún fann fyrir því að eitthvað gerðist í öxl hennar þegar hún tók barn upp úr stól en í gögnum málsins eru hins vegar ekki nokkrar upplýsingar um að það hafi verið vegna annars en hennar eigin hreyfingar. Lýsingarnar benda því eindregið til þess að líkamstjón M megi að rekja til innra ástands en ekki til utanaðkomandi atburðar eins og kveðið er á um í skilmálum slysátryggingarinnar. Getur því ekki stofnast bótaréttur úr slysátryggingu launþega X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík 10. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.